

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2562  
komudagur 27.5.2010



VIÐSKIPTARÁÐ  
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
b/t Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. maí 2010.

Fni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldbrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og lögum um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007. (449. mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingu á reglum um fyrningu krafna vegna gjaldbrots aðila.*

Í kjölfar þess hruns sem varð á fjármálamörkuðum haustið 2008 hefur efnahagsástand bæði fyrirtækja og heimila farið versnandi. Vegna þessa hefur verið farið út í veigamiklar aðgerðir af hálfu stjórnvalda til að aðstoða heimili og fyrirtæki landsins. Mörg þeirra úrræða hafa þegar tekið gildi, önnur eru í fullum undirbúningi.

Ofangreint frumvarp felur í sér þær breytingar að ekki verður hægt að slíta fyrningarfresti krafna vegna gjaldbrots að fjórum árum liðnum frá lýsingar- eða viðurkenningardegi kröfu. Með þessu er ætlað að gera einstaklingum kleift að komast undan kröfum eftir gjaldprot eigi síðar en fjórum árum eftir þrotið í stað þess fyrirkomulags sem gildir nú þar sem kröfum er haldið lifandi um lengri tíma.

Hugmyndafræðin að baki ofangreindu frumvarpi er góð og gild og sett fram með hag heimila og einstaklinga í skuldavanda að leiðarljósi. Sjónarmið hér að baki er að gera einstaklingum kleift að hefja fjárhagslega uppbyggingu aftur eftir þrot. Það verður þó að gæta þess að fyrirkomulagið leiði ekki til þess að hagkvæmt verði fyrir einstaklinga að lýsa sig gjaldþrota í stað þess að vinna sig úr fjárhagslegum vanda í samstarfi við kröfuhafa. Aðili sem stendur erfiðlega fjárhagslega getur séð hag sinn í því að lýsa sig gjaldþrota, þrauka í fjögur ár án þess að greiða uppí eftirstandandi kröfur og að þeim tíma loknum standa eftir skuldlaus. Með þessu hefur ákvæðið snúist upp í andhverfu sýna og er ekki lengur úrræði fyrir einstaklinga til hjálpar heldur undankomuleið frá skuldum sem annars væru greiddar með eðlilegum hætti eða samkomulagi við kröfuhafa.

Virðingarfyllst,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands